

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/04

nr. 4/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 847/2014 frá 4. ágúst 2014 um leyfi fyrir DL-selenmeþióníni sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2014 frá 4. ágúst 2014 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum*, sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 403/2009 að því er varðar merkingu fôðurukefnisins L-valíns ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 849/2014 frá 4. ágúst 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus acidilactici* NCIMB 30005, *Lactobacillus paracasei* NCIMB 30151 og *Lactobacillus plantarum* DSMZ 16627 sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 852/2014 frá 5. ágúst 2014 um leyfi fyrir L-meþióníni sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 862/2014 frá 7. ágúst 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 að því er varðar heiti handhafa leyfis fyrir fôðurukefninu natríumbensóati ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 863/2014 frá 7. ágúst 2014 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 að því er varðar heiti handhafa leyfis fyrir fôðurukefninu bensósýru (VevoVital) ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 8) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006) og í lið 1zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2007):

„– **32014 R 0863**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 863/2014 frá 7. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 235, 8.8.2014, bls. 14).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 233, 6.8.2014, bls. 22.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 235, 8.8.2014, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 235, 8.8.2014, bls. 14.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzza (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 403/2009):
- „eins og henni var breytt með:
- **32014 R 0848**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2014 frá 4. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 13).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2ze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011):
- „– **32014 R 0862**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 862/2014 frá 7. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 235, 8.8.2014, bls. 12).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 108. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 754/2014):
- „109. **32014 R 0847**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 847/2014 frá 4. ágúst 2014 um leyfi fyrir DL-selenmeþíóníni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 10),
 - 110. **32014 R 0848**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2014 frá 4. ágúst 2014 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum*, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 403/2009 að því er varðar merkingu fôðuraukefnisins L-valíns (Stjtið. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 13),
 - 111. **32014 R 0849**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 849/2014 frá 4. ágúst 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus acidilactici* NCIMB 30005, *Lactobacillus paracasei* NCIMB 30151 og *Lactobacillus plantarum* DSMZ 16627 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 16),
 - 112. **32014 R 0852**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 852/2014 frá 5. ágúst 2014 um leyfi fyrir L-meþíóníni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 233, 6.8.2014, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 847/2014, (ESB) nr. 848/2014, (ESB) nr. 849/2014, (ESB) nr. 852/2014, (ESB) nr. 862/2014 og (ESB) nr. 863/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.